



MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Miðvikudagur 13. febrúar 2008 – 7. tölublað – 4. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 **visir**

Stýrivextir

Hörð lending eða tilslökun vaxta



Sjávarútvegur

Fækkun í landvinnslu



Á FUNDI Viðskiptaráðs stendur reglulega fyrir umræðufundum um margvísleg málefni. Í desemberlok var til dæmis fjallað um þróun fjármálamarkaðar hér.

Færrir vilja krónu áfram

„Meirihluti forsvarsmanna aðildarfélagas Viðskiptaráðs er ósáttur við fyrirkomulag peningamála og um 63 prósent þeirra telja að hér eigi að taka upp annan lögeyri en krónuna,“ segir Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, í grein sem hann skrifar í blað dagsins.

Finnur bendir á að fyrirtæki og einstaklingar hafi á ýmsan máta þegar fært sig frá krónunni og vísir kominn að óformlegri evruvæðingu. „Sitji stjórnvöld með hendur í kjöltu er hætt við því að næstu skref til óformlegrar evruvæðingar verði tekin. Þar með væri tækifæri þeirra til að stýra atburðarásinni glatað.“

Viðskiptaþing 2008 stendur yfir í dag undir yfirskriftinni „Íslenska krónan: byrði eða blóraböggull?“ - óká / sjá síðu 10

FRÉTTIR VIKUNNAR

Evran í hundraðkallinn | Gengi evrunnar fór í gær í fyrsta sinn yfir hundrað krónur. Þegar evran tók fyrst gildi 5. janúar árið 1999 var gengi hennar áttatíu og ein króna.

Börn í bisness | Nær 200.000 dönsk börn, undir 16 ára aldri, stunda kauphallarviðskipti. Og ef bætt er við unglíngum upp að 19 ára aldri er fjöldinn 250.000. Að meðaltali fjárfestir hvert barn í þessum hópi fyrir 35.000 dkr. eða rúmlega 400.000 kr.

Hröð kólnun | „Núverandi vaxta- stefna Seðlabanka er nær örugg leið að mjög harðri lendingu og hættulega nærri fjármálaóstöðugleika ef henni er haldið til streitu við núverandi aðstæður,“ sagði Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings, við kynningu á hagspá deildarinnar.



Vill taka upp evru | Sigurjón Arnason landsbankastjóri er hlynntur því að Íslendingar taki upp evruna sem gjaldmiðil í náinni framtíð.

Góð afkoma Vinnslustöðvarinnar | Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum, eina útgerðarfélagið sem er eftir á aðallista Kauphallar Íslands, hagnaðist um 636 milljónir kr. á síðasta ári sem var tvöfalt betri afkoma en árið áður.

Álið fram úr fiskinum | Útflutningsverðmæti áls fer í fyrsta sinn fara fram úr verðmæti útfluttra sjávarafurða í ár samkvæmt útreikningum greiningardeildar Kaupþings. Útflutningsverðmæti áls verði 135 milljarðar á þessu ári og verði komið í um 140 milljarða á árinu 2009.

Seðlabankinn skuldar skýringar á afstöðunni

Forstjóri Kauphallarinnar segir Seðlabankann segja eitt og rökstyðja annað í evrumálum. Bankinn segir uppgjör og verðbréf í evrum ólíka hluti.

Ingimar Karl Helgason
skrifar

„Seðlabankinn skuldar okkur í raun og veru fræðilega umfjöllun um efnid, í þá veru að hann rökstyðji þá afstöðu sem hann hefur tekið,“ segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, um afstöðu Seðlabankans gegn því að Kaupþing færi bókhald sitt í evrum.

Fram kemur í umsögn Seðlabankans til ársreikningaskrár að hann sé „mótfallinn því að innlend fjármálaframtæki taki alfarið upp erlendan gjaldmiðil í reikningshaldi sínu.“ Þá þurfi að íhuga afleiðingarnar fyrir peningakerfi þjóðarinnar, stefni fjármálaframtæki jafnframt að því að ákveða hlutafé sitt í erlendum gjaldmiðli og draga úr viðskiptum sínum með innlendan gjaldmiðil.

Þórður Friðjónsson bendir á fyrstu Penningamál síðasta árs. „Þar eru rök, umfjöllunin og greiningin á vandamálinum með öðrum hætti en að hún rökstyðji í raun og veru þá afstöðu bankastjórnarinnar sem kemur fram í þessu bréfi [til ársreikningaskrár]. Heldur hið gagnstæða.“ Þetta geti jafnvel orðið til hins betra.

Þórður segir að það sé sjálfsagt að greiða götu

banka sem vilji færa sig yfir í evru og skrá hlutabréf sín í evrum. „Það er erfitt að sjá hagfræðileg rök, skynsemisrök, fyrir því að þetta skerði hagstjórnarmöguleika okkar til framtíðar eða miðlungsarferli peningastefnunnar.“

Guðmundur Kr. Tómasson, starfsmaður Seðlabankans og formaður samráðsnefndar um samskipti verðbréfamiðstöðva, kauphalla og Seðlabanka Íslands, bendir á að hér sé um að ræða tvo ólíka hluti. Færslu bókhalds í öðrum gjaldmiðli. Ársreikningaskrá þurfi að veita fjármálaframtækjum heimild til þess. Síðan sé skráning hlutabréfa í öðrum miðli. Hluthafafundur geti tekið ákvörðun um slíkt. „En ekkert opinbert stjórnvald hefur nokkuð um það að segja.“ Væntanlega verði fjallað um þessa hluti í næsta Fjármálastöðugleika sem komi út í vor.

Í seinasta Fjármálastöðugleika kom fram að uppgjör verðbréfavíðskipta sé flóknara mál, en skráning bréfanna ein og sér. Flest verðbréfauppgjörskerfi séu enn sem komið er staðbundin.

Verðbréfaskráning hefur um nokkur skeið unnið að því með Seðlabanka Finnlands að finna leiðir til þess að finnski bankinn geti gert upp viðskipti með hlutabréf sem skráð eru í evrum.

Sæstrengur Hibernia Atlantic í bið

„Við förum bara eftir samkeppnislandslaginu og hvernig gengur að fá netþjónabúin til landsins og hvaða tengingar þau kalla á,“ segir Bjarni Þorvarðarson, forstjóri Hibernia Atlantic.

Fyrirtækið hefur haft í hyggju að leggja hingað fjarskipta-sæstreng frá Írlandi en nú er alls óvíst hvenær þetta kemur til framkvæmda. Upphaflega stóð til að tengingin yrði orðin virk nú í haust.

„Við vorum í viðræðum við ríkið en svo ákvað það að taka

aðra stefnu í haust. Það er afar lítið spennandi að fara í samkeppni við ríkið í þessum efnum eins og er. Við höldum bara áfram okkar vinnu,“ segir Bjarni og bætir því við að nú sé leitað að heppilegum landtökustað fyrir Hibernia-strenginn, en botnrannsóknir séu ekki hafnar enn.

Bjarni áætlar að Hibernia-strengurinn muni kosta sem nemur 3,4 milljörðum króna, þegar hann verður lagður.

Tveir sæstrengir tengja Ísland við umheiminn, Cantat 3,

sem brátt verður úr sér genginn, og Farice 1. Farice hefur hafið vinnu við að leggja nýjan streng héðan og til Danmerkur. Sá strengur hefur hlotið heitið Danice. Hann á að kosta á bilinu sex til sjö milljarða króna og er fjármagnaður með hlutafé þriggja íslenskra orkufyrirtækja sem keyptu sig inn í félagið í haust, auk lánsfjár.

Þá hafa Grænlingar einnig í hyggju að leggja streng hingað til lands og er vinna við hann hafin.

- ikh / sjá síður 8 og 9

GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Atorka	-4,9%	-21,1%
Bakkavör	-11,4%	-25,6%
Exista	-20,9%	-44,3%
FL Group	-9,7%	-37,1%
Glitnir	-10,7%	-22,1%
Eimskipafélagið	-5,4%	-11,8%
Icelandair	-4,6%	-5,8%
Kaupþing	-8,7%	-20,5%
Landsbankinn	-10,1%	-22,7%
Marel	-2,0%	-3,4%
SPRON	-18,2%	-40,9%
Straumur	-11,2%	-19,6%
Teymi	-7,6%	-12,0%
Össur	-6,0%	-8,9%

Miðað við gengi í Kauphöll á mánudag

Orðrómur um kaup Bakkavarar á Írlandi

Írski dagblaðið Irish Independent sagði frá þeim óstaðfesta orðrómi á laugardag að þeir Ágúst og Lýður Guðmundssynir hefðu keypt átta prósent hlut í írski matvælaframleiðandanum Greencore, stærsta samlokuframleiðanda heims, í gegnum Existu. Fasteignamógullinn Robert Tchenguiz, sem situr í stjórn Existu, er sagður hafa keypt tíu prósent í sama félagi.

Bláðið segir líkur á að hlutabréfakaupin hafi verið gerð með afleiðuvíðskiptum á rúmu sex mánaða tímabili án þess að geta heimilda fyrir frétt sinni.

Fram kom í síðasta ársuppgjöri



FRÁ UPPGJÖRSFUNDI EXISTU Lýður Guðmundsson, stjórnarformaður Existu, sagði félagið hætt stöðutökum á síðasta ári.

Markaðurinn/Auðunn

Existu og á uppgjörsfundi félagsins fyrir hálfum mánuði að veltubók félagsins hefði verið lokað og stöðutökum á borð við kaup í Greencore verið hætt.

Greiningardeild Landsbankans bendir á það í Vegvísi sínum

í gær að Greencore eigi nokkuð af fasteignum og eftirsóttum byggingarlóðum auk matvælaframleiðslunnar. Markaðverðmæti fyrirtækisins nemur um 830 milljónum evra, jafnvirði 82 milljarða íslenskra króna. - job

Nýr forstjóri Icelandic Group

Víðskipti Icelandic Group hefur ráðið Finnþóga Baldvinsson forstjóra í stað Björgólfs Jóhannssonar.

Finnþogi hefur frá árinu 2006 gegnt starfi forstöðumanns Evrópusviðs Icelandic Group. Í tilkynningu félagsins segist Finnþogi líta á starfið sem mjög krefjandi verkefni. „Ljóst er að framundan er tími hjá félaginu þar sem krafa hluthafa um árangur verður höfð að leiðarljósi,“ segir hann. Magnús Þorsteinsson stjórnarformaður segir verkefnið að koma félaginu í fremstu röð á ný. - óká

Smáey stór í Landsbanka

Smáey ehf., félag athafna- og útgerðarmannsins Magnúsar Kristinssonar, hefur eignast 1,75 prósent hlut í Landsbankanum og var tólfti stærsti hluthafi bankans í enda janúar samkvæmt nýlegri hluthafaskrá bankans.

Ætla má að verðmæti hlutarins hlaupi á 5,4 milljörðum króna miðað við gengi bréfa í bankanum í gær.

Magnús er stærsti eigandi fjárfestingafélagsins Gnúps á móti Kristni Björnssyni en félag þeirra seldi Smáey rúma 4,6

milljónir hluta sinna í Kaupþingi í byrjun desember. Það jafngildir 0,58 prósent hlut í bankanum. Andvirði viðskiptanna þá nam tæpum fjórum milljörðum króna. Ætla má að verðmæti eignarinnar hafi lækkað um einn milljarð króna síðan þá. - job



MAGNÚS KRISTINSSON

Bankarnir halda sjó í bresku áhlaupi

Sunday Times mælir með því að sparifjáreigendur dreifi fjármunum sínum á fleiri en einn innlánsreikning.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

„Við höfum ekki tekið eftir því að neikvæð umræða hafi haft áhrif á okkur,“ segir Guðni Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri fjárfestingar hjá Kaupþingi.

Breska dagblaðið Sunday Times varaði landa sína við því um síðustu helgi að leggja hærra upphæð en 35 þúsund pund inn á innlánsreikninga á borð við Kaupþing Edge, reikning sem Kaupþings ýtti úr vör fyrir breska netverja fyrir viku, og Icesave, sem Landsbankinn hefur starfrækt síðan í október í hittedyfryr. Ástæðuna segir blaðið þá að alþjóðlega matsfyrirtæki Moody's sé með lánshæfiseinkunnir bankanna til athugunar og sé útlit fyrir að þær verði lækkaðar. Bláðið segir lánshæfiseinkunnir bankanna reyndar AAA en raunin er sú að hún hefur þegar verið lækkuð í AA3. Ástæðan fyrir því að ekki er mælt með því að hærra upphæð skuli leggjast inn á reikningana er sú að bresk og íslensk stjórnvöld ábyrgjast innistæður bankanna.

Þrátt fyrir þetta er sérstaklega mælt með innlánsreikningi Kaupþings í Bretlandi, þar séu bestu innlánsveitirnar um þessar mundir. „Blöðin hafa verið mjög jákvæð í okkar garð enda erum við að

greiða mjög samkeppnishæfa vexti,“ segir Guðni og bendir á að önnur dagblöð í Bretlandi hafi ráðlagt fólki frá því að setja öll eggin í sömu körfuna heldur dreifa sparifé sínu á nokkra innlánsreikninga.

Talsverð samkeppni er á breskum netbankamarkaði, svo sem frá áströlskum og nígerískum bönkum auk hinna íslensku.

Guðni bendir enn fremur á að erfitt sé að greina hvort áhrifa umfjöllunarinnar hafi gætt á fjölda umsókna fyrir reikninginn. Svo virðist ekki hafa verið en um vikutími getur liðið frá því umsókn er lögð fram og þar til innlánsreikningur Kaupþing Edge verður virkur. „Þetta gengur allt eftir áætlun.“

Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbanka Íslands, tekur í sama streng. Neikvæð umræða um íslenska innlánsreikninga hafi ekki glatt menn þar á bæ, þó svo þeir hafi svo sem ekki merkt hana í starfsemi. Hann bendir á að í Bretlandi sé bankinn með eina 170 þúsund reikninga og að síðustu daga hafi frekar verið vöxtur í innlögnum.

„Hins vegar hefur neikvæð umfjöllun yfir lengri tíma klárlega áhrif. En í augnablikinu heldur þetta alveg sjó,“ segir hann.



GUÐNI AÐALSTEINSSON „Við höfum ekki tekið eftir að neikvæð umræða hafi haft áhrif á okkur,“ segir framkvæmdastjóri fjárfestingar Kaupþings.



SIGURJÓN Þ. ÁRNASON Bankastjóri Landsbankans segir neikvæða umfjöllun klárlega hafa áhrif til lengri tíma. „Í augnablikinu heldur þetta sjó,“ segir hann. MARKAÐURINN/GVA

Framleiða harðkornadekk í Bandaríkjunum

„Við vonumst til þess að geta farið að framleiða 460 þúsund dekk þegar á næsta ári,“ segir Þorlákur Björnsson, einn eigenda Green Diamond Tire, íslenskrar dekkjaverksmiðju í New York í Bandaríkjunum. Þar eru framleidd harðkornadekk, samkvæmt íslensku einkaleyfi.

Íslendingar hófu þátttöku í rekstri Green Diamond fyrir einu og hálfu ári. Þá stóð verksmiðjan höllum fæti. „En við höfum fjárfest töluvert í uppbyggingu. Þetta er vel á annað hundrað milljóna króna,“ segir Þorlákur. Fjórir Íslendingar eiga í Green Diamond og einn Bandaríkjamadur. Þá kom Saga Capital nýlega inn í myndina sem fagfjárfestir.

Þorlákur segir að í fyrra hafi verið seld um 20 þúsund dekk, en eftirspurnin sé mikil og auðveldlega hefði mátt selja 100 þúsund. „Við stefnum á



að framleiða 50 þúsund dekk í ár. Húsnæðið hamlar okkur enn sem komið er, en við stefnum á að vaxa,“ segir Þorlákur, sem upplýsir um áætlanir um fimm harðkornadekkjaverksmiðjur víðs vegar um Bandaríkin, á næstu árum. „Við reiknum með því að fimmfalda starfsmannafjöldann, en það eru tuttugu hjá okkur núna.“

Þorlákur segir að fyrirtækið komi vel út í þjónustukönnunum. „Við seljum venjuleg dekk handa venjulegum fjölskyldum á venjulegu verði. Þá er þetta umhverfisvæn starfsemi.“

Þorlákur vísar þar til þess að í verksmiðjunni fer í raun fram endurvinnsla. „Þessi dekk eru úti um allt. Við söfnum þeim saman, spænum þau niður og byggjum þau upp á nýtt.“ Þá fari harðkornadekkinn mun betur með götur en til dæmis nagladekk. - ikh

HARÐKORNADEKK Íslendingar eiga og reka harðkornadekkjaverksmiðju í New York og stefna á að auka umsvifin mikið.

Jarðikornar róta sig í gegnum lífið án þess að sjá skaðann sem þeir vinna.

Peir geta ekkert gert að glámskyggni sinni.

En það getur þú. Með þaulreyndum viðskipta- og greiningarhugbúnaði frá SAS.

Kynntu þér hvernig þú ferð að því. Skráðu þig á námskeiðið „Tour de Platform“ sem haldið verður fimmtudaginn 28. febrúar á Hilton Reykjavík Nordica í Reykjavík.

www.sas.com/is/tourdeplatform

www.sas.com/is

sas THE POWER TO KNOW.

Framúrskarandi

Það skiptir máli að spara á réttum stað.

Peningamarkaðssjóður SPRON hefur gefið jafna og góða ávöxtun allt frá stofnun.

Ávöxtun ársins 2007 var 15,6%

Peningamarkaðssjóður SPRON hefur það markmið að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu. Hann hentar því vel fyrir þá sem vilja ekki taka mikla áhættu en njóta samt stöðugar ávöxtunar. Enginn kostnaður fylgir því að fjárfesta í sjóðnum og inneignin er algjörlega óbundin.

Kynntu þér málið nánar á **spronverdbref.is**

SPRON Verðbréf
Peningamarkaðssjóður SPRON

15,6% ávöxtun

Glitnir
Sjóður 9
15,3% ávöxtun

Kaupþing
Peningamarkaðssjóður
15,2% ávöxtun

Landsbankinn
Peningabréf Landsbankans
14,3% ávöxtun

TEWAIREYKJAVÍK | SÍA - 9080140

spron
VERÐBRÉF

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

Nafnávöxtun 2007 skv. www.sjodir.is

Peningamarkaðssjóður SPRON er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag SPRON. Útboðslýsingu má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa, www.spronverdbref.is. Athygli er vakin á að fjárfestingarsjóðir eru áhættumeiri fjárfestingarkostur en verðbréfasjóðir skv. lögum.

Stjórnur fagnar fyrir rétt verð

Danska viðskiptablaðið Børsen segir að þeir auðmenn sem enn eiga peninga eftir skell í lausafjárkrísunni séu síður en svo hræddir við að flagga þeim og panta heimsþekktu tónlistarmenn til að troða upp í einkasamkvæmum á þeirra vegum.



Þannig mun George Michael, hafa þegið jafnvirði um 150 milljóna króna fyrir tónleika í einkateiti rússnesks milljarðamærings um síðustu áramót auk þess sem poppgöðin Jennifer Lopez fékk fúlgur þegar hún tróð upp í 40 mínútur í þrítugsafmæli eiginkonu samlanda þess rússneska. Þetta eru þó smáaurar miðað við þær 300 milljónir sem Celine Dion fékk fyrir stutta tónleika sem hún hélt í teiti soldánsins af Brúnei fyrir ellefu árum.

Almúgin verður hins vegar að láta sér nægja að fá vandræðagæmlinginn Pete Doherty til að troða upp. Kappinn, sem margoft hefur ratað á síður slúðurblaða fyrir misgott athæfi, mun hafa tekið hundrað pund, jafnvirði rúmra þrettán þúsund króna, fyrir uppákomu í einkasamkvæmi í Bretlandi á dögunum.

ELTON JOHN Breski tónlistarmaðurinn Elton John, sem tróð upp í fimmtugsafmæli Ólafs Ólafssonar í Samskipum í byrjun síðasta árs.

Vonarstjarna Indverja fellur

Gengi hlutabréfa í indverska raforkufyrirtækinu Reliance Power féll um fjórtán prósent í kauphöllinni í Mumbai á mánudag. Þetta þykja talsverð vonbrigði enda miklar vonir bundnar við fyrirtækið á þessum fyrsta viðskiptadegi með bréf félagsins. Umframáskrift í hlutafjárútboði var 70 sinnum umfram það sem í boði var.

Breska dagblaðið Times segir ljóst að alþjóðleg svartýni fjárfesta hafi nú smitað út frá sér til Indlandsstranda og annarra nýmarkaða, sem þar til nú hafa staðið af sér ólgusjú á mörkuðum.



Blaðið segir mikil vonbrigði með fallið í röðum indverskra fjárfesta enda orkufyrirtækið talið ein af mörgum vonarstjarna ársins. Times bendir að sama skapi á að gróðahyggja og ofurvæntingar hafi stýrt ákvörðunum fjárfesta. Engin starfsemi hafi nokkru sinni verið í gangi á vegum Reliance auk þess sem tekjurnar séu nær mínus en plús.

- jab

VIÐ UPPHAF VIÐSKIPTADAGS Anil Ambani, stjórnarformaður Reliance Power, á mánudag áður en viðskipti hófust. Gengið hækkaði orlítið í fyrstu viðskiptunum áður en það féll um fjórtán prósent.

MARKAÐURINN/AFP

Exista fær 14 milljarða króna í arð frá Sampo

Sex milljarðar króna frá hlutdeildarfélagum bíða á hliðarlínunni

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

Exista fær 138,6 milljónir evra, jafnvirði tæpra fjórtán milljarða króna, í arðgreiðslur vegna tæps fimmtungshlutar sem fyrirtækið á í finnska tryggingafyrirtækinu Sampo Group.

Hagnaður Sampo nam 160 milljónum evra, jafnvirði sextán milljarða íslenskra króna að núvirði, fyrir skatta á fjórða ársfjórðungi í fyrra. Þrátt fyrir 38 prósentu samdrátt á milli ára er afkoman talsvert yfir væntingum samkvæmt spá Reuters. Hagnaður af tryggingastarfsemi er stærsti tekjubáttur fyrirtækisins en hann nam 144 milljónum evra, sem er yfir væntingum en líffrygginga- og fjárfestingarhlutinn voru undir væntingum. Stjórn félagsins hefur lagt til að arðgreiðsla hljóði upp á 1,2 evrur á hlut fyrir árið, sem er í takt við væntingar.

Á uppgjörsfundum Existu um mánaðamótin kom fram að væntar arðgreiðslur ársins gætu numið allt að 200 milljónum evra, jafnvirði um 20 milljarða íslenskra króna, miðað við gengi íslensku krónunnar gagnvart evru í gær. Kaupþing og Bakkavör hafa þegar tilkynnt arðgreiðslur sínar fyrir árið 2007 og koma um 40 milljónir evra í hlut Existu. Gera má ráð fyrir að arðgreiðsla frá Storebrand í Noregi gæti legið á bilinu sjö til tíu milljónir evra, en ársuppgjör félagsins verður birt í dag. Gangi allt eftir koma greiðslurnar til viðbótar við lausafjárstöðu Existu sem greint var frá í janúar, sem mætir endurfjármögnunarpörf félagsins langleiðina út árið 2009.

Greiningardeild Glitnis segir erfiðar aðstæður á mörkuðum torvelða Sampo að hagnast á fjárfestingarstarfsemi. Þannig hafi fyrirtækið brugðist við óróleika á fjármálamörkuðum og minnkað stöðutökur. Varnir félagsins gagnvart frekari óróleika séu góðar enda búi félagið að sterkri lausafjárstöðu eftir

BJÖRN WAHLROOS

Forstjóri Sampo er hæstánægður með afkomu félagsins og hefur lýst yfir vilja til að auka við hlut félagsins í Nordea, stærsta banka Norðurlanda.



CHRISTIAN CLAUSEN Forstjóri Nordea er sagður opin fyrir samstarfi við annað norrænt fjármálfyrirtæki.

MARKAÐURINN/AFP

sölu á bankastarfsemi í fyrra. Félagið hefur í raun verið sagt eitt af efnuðustu félagum Norðurlanda.

Hlutur Sampo í sænska bankanum Nordea er þar undanskilinn. Sampo hefur nýverið aukið við sig þar, fer nú með rétt rúman tíu prósentu hlut og er næststærsti hluthafinn í þessum stærsta banka Norðurlanda. Lengi hefur verið rætt um að félagið vilji auka við hlut sinn og jafnvel yfirtaki bankann. Allt fari það eftir hug sænska ríkisins til að selja tæplega fimmtungshlut sinn í bankanum. Gangi þær vonir eftir verður salan stærsta einkavæðing sænska ríkisins. Haft hefur verið eftir Mats Odell, fjármálaráðherra Svíþjóðar, að aðstæður á mörkuðum bjóði ekki upp á sölu að sinni.

Auk þess að bæta við hlut sinn steig finnska tryggingafyrirtækið skrefi nær nánara samstarfi þegar það tilnefndi Björn Wahlroos, forstjóra Sampo, til stjórnarsetu í Nordea. Wahlroos, sem þykir með skrautlegustu en virtustu forstjóra Norðurlanda, hefur hins vegar hvorki viljað segja af né á hvort kaup á Nordea séu á áætlun. Félagið muni hins vegar halda áfram að kaupa ódýra hluti í bankanum standi þeir til boða.

Botninn nálgast

Gengi hlutabréfa í Bandaríkjunum er nálægt botninum, að mati Bartons Biggs, eins af stjórnendum og stofnum bandaríska vögunarsjóðsins Traxis Partners LLC. Þegar botninn nær muni viðsnúningur verða, ekki síst hjá bönkum og fjármálfyrirtækjum, að hans mati.

Biggs, sem eitt sinn starfaði sem fjármálasérfræðingur hjá bandaríska fjárfestingarbankanum Morgan Stanley, sagði í samtali við Bloomberg-sjón-

varpsfréttastofuna um helgina, að hann hefði sjálfur bætt mjög við eignasafn sitt í bandarískum hlutabréfum. „Þau eru afskaplega ódýr,“ sagði hann og spáði því að gengi bréfa í bönkum og fjármálfyrirtækjum gæti hækkað um allt að 20 til 25 prósent á árinu.

Bloomberg bendir á að fjármálakrisan sem ríðið hefur yfir alþjóðamarkaði upp á síðkastið hafi komið harkalega niður á gengi fjármálfyrirtækja. Þar



LÍTIL GLEÐI Á WALL STREET Fjármálasérfræðingur er bjartsýnn á að botninn sé að verða náð á fjármálamörkuðum.

MARKAÐURINN/AFP

af hafi meðalgengi þeirra sem skráð eru í S&P 500 vísitöluna fallið um 21 prósent frá áramótum. Svo mikil lækkun hefur ekki sést síðan árið 1990.

- jab

Ríkasti Skotinn leitar tækifæra

Auðkýfingurinn Sir Tom Hunter, einn ríkasti maður Skotlands, leitar fjárfestingartækifæra þessa dagana og vill ljúka þeim hið fyrsta.

Hunter hefur úr talsverðu að móða og er tilbúinn að veita rúmum einum milljarði punda, jafnvirði 134 milljarða íslenskra króna, og þar yfir í fjárfestinguna sem á að vera á sviði smásöluverslunar eða fasteigna, að sögn vefútgáfu dagblaðsins Scotsman.

Hunter hyggst sömuleiðis snúa baki við smærri fjárfestingum

í kjölfarið. „Við einbeitum okkur aðeins að stórum fjárfestingum núna,“ segir hann í samtali við blaðið.

Hunter, sem hagnaðist ungur að árum, hefur verið stórtækur í breskum og skoskum garðvörugreina upp á síðkastið. Hann er

jafnframt viðskiptafélagi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, starfandi stjórnarformanns Baugs Group, og kom meðal annars að kaupum félagsins á bresku verslanakeðjunni House of Fraser ásamt öðrum í hittifyrri.

- jab



SIR TOM HUNTER Einn ríkasti maður Skotlands er sagður leita fjárfestingartækifæra þessa dagana.

Skipti

Dagskrá og tillögur fyrir aðalfund Skipta hf.

Aðalfundur Skipta hf. verður haldinn miðvikudaginn 27. febrúar 2008 á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, og hefst fundurinn kl. 17

DAGSKRÁ

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu ári.
2. Skýrsla forstjóra um rekstur félagsins og endurskoðaður reikningur fyrir liðið starfsár lagður fram til samþykktar.
3. Breytingar á samþykktum:
 - Ákvörðun um hækkun hlutafjár
4. Ákvörðun um greiðslu arðs.
5. Kosning stjórnar félagsins.
6. Kosning endurskoðunarstofu.
7. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna félagsins fyrir störf þeirra.
8. Tillaga félagsstjórnar um starfskjarastefnu.
9. Ákvörðun um heimild til kaupa á eigin hlutum.
10. Tillaga félagsstjórnar um að Skipti hf. verði skráð í Kauphöll.
11. Önnur mál.

Tillögur frá hluthöfum sem bera á upp á aðalfundi þurfa að berast stjórn eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund.

Dagskrá fundarins, endanlegar tillögur svo og ársreikningur félagsins munu liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis sjö dögum fyrir aðalfund. Sjá einnig heimasíðu félagsins: skipti.is

Fundargögn og atkvæðaseðlar verða afhent hluthöfum á aðalfundardaginn frá kl. 16 á fundarstað.

Stjórn Skipta hf.



Precision™ T3400
162.900 kr.
130.843 kr. án VSK

Intel® Core™2 Quad örgjörvi Q6600, 2,4 GHz
(2x4MB L2 cache, 1066 MHz FSB)
Microsoft Windows XP™ Professional
2GB, 800MHz, ECC, DDR2, vinnsluminni
(2x1024MB)
320GB (7.200 rpm) SATA II harður diskur
16x DVD+/-RW + 16x DVD-ROM geisladrif
nVidia Quadro FX 570 skjákort
með 256MB minni
3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS

Öflug vinnustöð með vaxtarmöguleikum

Við kynnum Precision T3400 - öfluga vinnustöð á viðráðanlegu verði sem hentar vel fyrir almenna hönnunarvinnu, arkitektúr, verkfræði, byggingarhönnun og grafíska hönnun. Nýir 64-bita Intel örgjörvar, minni sem hægt er að stækka upp í 8GB og möguleiki á tveimur PCIe x16 skjákortum tryggja að hægt er að stækka tölvuna í samræmi við þau verk sem vinna á.

DELL™

FYRIRVARAR: Verð er tilboðsverð með vsk. og gildir meðan birgðir endast. Verð miðast við gengi og getur breyst án fyrirvara. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

Intel, the Intel logo, Intel Core, and Core Inside are trademarks of Intel Corporation in the U.S. and other countries. © 2008 Dell Corporation Limited. Dell, the Dell logo, Precision are registered trademarks or trademarks of Dell Inc.

Það er til lausn á öllu

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / Sími 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / Sími 463 3000

Penninn / Hallarmúla 4, Reykjavík / 540 2000 // R.Sigmundsson / Fiskislóð 84, Reykjavík / 520 0000 // Penninn Eymundsson / Sólvallagötu 2, Reykjanesbær / 421 1102 //

Tölvu- og rafeindáþjónusta Suðurlands / Eyrarvegi 37, Selfoss / 480 3300 // Tölvun / Strandvegi 51, Vestmannaeyjar / 481 1122 // BVT / Austurvegi 15, Vík / 487 1510 //

Bókaverslun Þórarins Stefánssonar / Garðarsbraut 9, Húsavík / 464 1234 // Penninn / Hafnarstræti 91-93, Akureyri / 540 2180 // Netheimar / Aðalstræti 27, Ísafjörður / 456 5006 //

Kaupfélag Skagfirðinga / Ártorgi 1, Sauðárkrúkur / 455 4500 // Mareind / Nesvegi 7, Grundarfjörður / 438 6611 // Omnis / Brúartorgi 4, Borgarnes / 433 0300 //

Omnis / Dalbraut 1, Akranes / 433 0300 // Omnis / Tjarnargötu 7, Reykjanesbæ / 422 0300 // Martólvan / Litlu Brú 1, Höfn í Hornafirði / 478 1300





TÍMI KOMINN Á LÆKKUN Mjög er þrýst á Seðlabanka Íslands að lækka stýrivexti, en bankinn kynnrir á morgun ákvörðun bankastjórnarinnar í þeim efnum. Stýrivextir standa núna í 13,75 prósentum. Greiningardeildir bankanna telja líklegt að vaxtalækkunarferill bankans eins og hann var kynntur í síðustu hagspá hans þáfnist endurskoðunar við, enda hafi aðstæður breyst.

MARKAÐURINN/GVA

Hörð lending eða tilslökun vaxta

Skiptar skoðanir eru um hvaða stefnu Seðlabanki Íslands tekur á fyrsta vaxtaákvörðunardegi ársins sem er á morgun. Greiningardeild Kaupþings lýsti nýverið þeirri skoðun að lækkuðu stýrivextir ekki hratt mætti hér gera ráð fyrir mjög harðri lendingu í efnahagslífinu og spáir umtalsverðri lækkun strax. Greiningardeildir Glitnis og Landsbankans spá aftur á móti óbreyttum vöxtum. Óli Kristján Ármannsson fer yfir spár bankanna. Allir telja þeir að vextir verði lækkaðir á þarnaða fundi.

Kaupþing spáir stýrivaxtalækkun, en Glitnir og Landsbankinn óbreyttum vöxtum á fundi Seðlabanka Íslands á morgun. Í ólíkri sýn bankanna á ákvörðun Seðlabankans endurspeglast mat þeirra á til hvaða þátta bankinn komi til með að horfa þegar vextir eru ákvarðaðir. Glitnir telur að Seðlabankinn verði varfærinn og horfi til óvissuþátta, svo sem um niðurstöðu kjarasamninga og spennu sem enn sé á vinnumarkaði, meðan Kaupþing telur bankann munu horfa til váboða vegna hraðrar kólnunar efnahagslífsins þar sem alþjóðleg fjármálakreppa hafi sett veruleg strök í alla reikninga. Landsbankinn telur Seðlabankann jafnframt munu biða eftir stýrivaxtaákvörðun Seðlabanka Evrópu sem áhrif geti haft hér. Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar bankans, telur jafnvel líklegt að Seðlabankinn hér lækki vexti í mars, utan skipulagðra ákvörðunardaga.

ÞRÍR BOÐBERAR ÞRENGINGA

„Vextirnir eru mjög háir. Þeir eru 13,75 prósent og við álitum að verulega áhættusamt sé að halda þeim mjög háum með því markmiði að lækka þá mjög hratt síðar,“ segir Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings. Hann reiknar með því að Seðlabanki Íslands lækki stýrivexti um 0,50 prósentustig, eða 50 punkta, á næsta vaxtaákvörðunardegi, sem er á morgun, fimmtudaginn 14. febrúar. Hann segir núverandi vaxtastefnu Seðlabankans, eins og hún komi fyrir í Peningamála, efnahagsriti bankans, vera nær rugla leið að „mjög harðri lendingu og hættulega nærri fjármálaóstöðugleika“ verði henni haldið til streitu við núverandi aðstæður í efnahagslífinu.

Kaupþing kynnti undir lok síðustu viku hagspá greiningardeildar bankans fyrir árin 2008 til 2010 undir yfirskriftinni „Efnahagshorfur að vetri“.

Ásgeir segir þrjá boðbera helsta um kólnun í íslensku efnahagslífi, en það er

þróun verðs hlutabréfa sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, fimm ára skuldatriyggingarálag bankanna sem nú er í hæstu hæðum og fallandi velta á fasteignamarkaði. Ásgeir segir þróun í hagkerfinu mjög hraða nú vegna erlendra áhrifa. Hann segir lækkun eignaverðs, auknið skuldatriyggingarálag (CDS) og almennan óróleika á erlendum lausafjarmörkuðum nú leggja svo þungt á eina sveif með mjög háum stýrivöxtum hér að raunveruleg hætta sé á brotlendingu hagkerfisins. „Í öllu falli ætti núverandi staða að gefa Seðlabanka Íslands færi á því að fara að fordæmi erlendra seðlabanka og lækka vexti án þess að glata trúverðugleika sínum eða virðingu á markaði.“

LÆKKUN INN Í KREPPU

Kaupþing segir mikilvægt að Seðlabankinn taki að fikra sig niður til lægri vaxta, hvort sem það verður á þessum vaxtaákvörðunarfundi, eða þeim næsta sem er í apríl. Haldi bankinn lengur að sér höndum gæti það þýtt verulegar þrengingar í efnahagslífinu, enda hafi andstæð þróun á hlutabréfa- og fjármálamörkuðum, auk stórfellds samdráttar í umsvifum á fasteignamarkaði síðustu fimm mánuði, skert á biti stýrivaxta Seðlabankans. „Það sem meira er – svo mikið bakslag á fjármálamörkuðum skapar hættu fyrir fjármálastöðugleika og jafnframt mjög harðri lendingu ef stýrivextir Seðlabankans er ekki beitt með fullri varúð,“ segir í nýrri hagspá bankans. „Það er mat Greiningardeildar að Seðlabankinn fylgist grannt með þróun mála og sé ekki tilbúinn að taka þá miklu áhættu sem fylgir því að teifa lækkun stýrivaxta þar til efnahagslífið er raunverulega komið í kreppu.“

Greiningardeild Glitnis er á sama máli hvað varðar kólnun hagkerfisins og segir útlit fyrir að hún verði hraðari en búist var við í ársbyrjun þegar birt var bæði gengis- og stýrivaxtaspa. „Veður eru enn válynd á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og hagtölur sem birst hafa að undan-

förnu frá helstu hagkerfum heims sýna að enn er ekki útséð hvernig þeim óróa mun lykta. Skert aðgengi að lánsfé, lækkun á innlendum hlutabréfamarkaði og lækkun íbúðaverðs hér á landi eru á meðal þeirra þátta sem draga úr innlendra eftirspurn á komandi mánuðum,“ segir í nýrri umfjöllun bankans.

VERÐBÓLGA ENN YFIR MARKMIÐUM

Bent er á að verðbólga sé enn mikil og langt yfir 2,5 prósentu verðbólgu markmiði Seðlabankans. „Útlit er fyrir að hún verði um 6 prósent á fyrsta fjórðungi ársins, ríflega prósentu meiri en Seðlabankinn gerði ráð fyrir í síðustu þjóðhagsspa sinni,“ segir bankinn og vísar þar til síðustu útgáfu Peningamála. „Mikil spenna er enn á vinnumarkaði og óvissa þar sem enn er ófyrirséð hver niðurstaða kjarasamninga á almennum vinnumarkaði verður.“ Greiningardeild Glitnis telur af þessum sökum að Seðlabanki Íslands komi til með að halda að sér höndum á morgun og haldi stýrivöxtum óbreyttum.

„Við gerum hins vegar ráð fyrir að innlend eignaverðsáhrif, lánsfjáskortur, ásamt óhagstæðum skilyrðum á fjármálamörkuðum dragi úr verðbólguþrýstingi á komandi mánuðum og skapi skilyrði sem gera Seðlabanknum kleift að lækka stýrivexti hraðar en við áður töldum,“ segir í umfjöllun Glitnis. Spáir bankinn því að stýrivextir verði lækkaðir um 0,25 prósentustig á þarnaða vaxtaákvörðunarfundi 10. apríl. „Við gerum ráð fyrir að vextir verði lækkaðir nokkuð ört og að þeir standi í 11 prósentum í árslok og í 7 prósentum í lok næsta árs.“

AUKAVAXTAÁKVÖRÐUNARDAGUR Í MARS? Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans, útilokar ekki vaxtalækkun nú, en telur þó líklegra að Seðlabankinn bíði enn um sinn, þar til skýrari tölur sjást um samdrátt í efnahagslífinu.

„Eðli þeirra breytinga sem orðið hafa í umhverfinu eru slíkar að ólíklegt er

að þessar klassísku hagtölur fangi þær fljótt. Við teljum hins vegar líklegt að bankinn lækki vexti í mars,“ segir hún, en það yrði þá fyrir utan skipulagðra vaxtaákvörðunardaga bankans, en Seðlabankinn hefur áður lýst því yfir að hann telji sig ekki bundinn af þeim og kunnir að breyta vöxtum ef til efni gefst til. „Við horfum á tvennt í þessu efni, annars vegar stýrivaxtaákvörðun evrópska seðlabankans sem verður í marsbyrjun og finnst líklegt að hún komi til með að ráða töluverðu. Ef þeir lækkuðu vexti yrði það tilefni til að okkar menn skoðuðu málin. Hins vegar er svo ársfundur Seðlabankans 28. mars, en þá fer bankastjórn yfir efnahagshorffurnar og tilefni til að koma með ákvörðun.“ Að öðrum kosti telur Edda ljóst að Seðlabankinn muni hefja lækkunarferli stýrivaxta í síðasta lagi á vaxtaákvörðunardeginum 11. apríl, enda liggja þá fyrir ítarleg greining á efnahagsaðstæðum frá bankanum sjálfum, í nýrri útgáfu Peningamála.

Eins telur Edda Rós að Seðlabankinn bíði eftir að sjá niðurstöðu kjarasamninga áður en ákvörðun er tekin um næstu skref. Stýrivextir bankans segir hún hins vegar að bíti sem aldrei fyrr. „Aðhaldssemi vaxtanna hefur aukist margfalt á við það sem verið hefur að gerast í stýrivaxtabreytingum eða aðgerðum Seðlabankans undanfarið. Núna standa fleiri frammi fyrir þessum vöxtum og færri, ef einhverjir, sem aðgang hafa að ódýru erlendu lánsfé, þannig að þessi umskipti eru náttúrulega gríðarleg.“

Hraða vaxtalækkunarferilsins segir Edda Rós munu ráðast af ytri aðstæðum í hagkerfinu og þróun á gengi krónunnar, en greiningardeildin hafði reiknað með um það bil prósentustigs lækkun á hverjum ársfjórðungi. „Sögulega höfum við séð þetta gerast mjög skarpt. Í síðasta vaxtalækkunarferli gaf krónan sig til að mynda ekki, heldur var búin að því áður. Núna erum við búin að fá hægja veikingu, en krónan verður viðkvæm og er náttúrulega svartipéturinn í þessu hvað framhaldið varðar.“



EDDA RÓS KARLSDÓTTIR Aukavaxtaákvörðunardagur Seðlabanka Íslands í mars er ekki ólíklegur, að mati Eddu Rósar Karlsdóttur, forstöðumanns greiningardeildar Landsbankans.




INGÓLFUR BENDER Greiningardeild Glitnis spáir óbreyttum stýrivöxtum Seðlabanka Íslands á morgun og telur að bankinn stígi varlega til jarðar vegna ýmissa óvissuþátta. Ingólfur Bender, forstöðumaður deildarinnar, sést hér á nýlegum hagspáfundum.



ÁSGEIR JÓNSSON Ásgeir, sem er forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings, fór síðasta fimmtudag yfir væntingar bankans vegna stýrivaxtaákvörðunar Seðlabankans á morgun. Hann segir búist við 50 punkta lækkun vaxta.

STÝRIVAXTASPA GREININGARDEILDAR KAUPÞINGS




Við erum hríkalega montin...

...af eignastýringunni okkar

Íslensk verðbréf hf. er sérhæft eignastýringar-
fyrirtæki. Við sinnum hvorki útlánastarfsemi
né fyrirtækjaráðgjöf, sem gerir okkur kleift að
einbeita okkur að því að ná hámarksárangri
á sviði eignastýringar. Þess vegna telja
94% íslenskra fagfjárfesta stýringu okkar á
innlendum skuldabréfum vera „yfir meðallagi“
eða „framúrskarandi“.



ÍSLENSK VERÐBRÉF
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!



Þörf á þriðja sæstrengnum eftir

Nýr fjarskiptasæstrengur, Danice, verður tekinn í notkun um næstu áramót. Framkvæmdastjóri Farice telur að þörf verði á nýjum sæstrengnum frá Írlandi. Hibernia Atlantic segir engar tímasetningar uppi um lagningu strengs frá Írlandi. Ekki sé frestandi að fara í samkeppni við ríkið. Helgason stiklaði á ýmsum þáttum og kannaði stöðu þessa mikla hagsmunamáls landsmanna.

Það verður byrjað að leggja strenginn í ágúst. Þetta ætti að taka um þrjú mánuði og meiningin er að hann verði tekinn í notkun í janúar á næsta ári," segir Guðmundur Gunnarsson, framkvæmdastjóri Farice, um nýjan fjarskiptasæstreng, Danice.



GUÐMUNDUR GUNNARSSON „Ef bjartsýnustu áætlanir um netþjónabú og fleira ganga eftir, þá þarf að bæta við nýjum streng eftir fimm ár.“

Danice verður þriðji ljósleiðarasæstrengurinn sem flytur internetumferð til og frá landinu og sá sem mun hafa langmesta burðargetu. Hinir eru Farice 1 og leggur úr strengnum Cantat 3, sem liggur þvert yfir Atlantshafið. Grænlendingar hyggjast

leggja hingað streng auk þess sem fyrirtæki Kenneths Peterson, Hibernia Atlantic, hefur lýst því yfir að til standi að leggja hingað streng frá Írlandi.

Rætt hefur verið um að trygg og örugg netsamskipti séu algjör forsenda fyrir ýmiss konar starfsemi, eins og netþjónabú, erlendra sem innlendra, auk þess sem Ísland verði seint alþjóðleg fjármálamiðstöð nema þessi mál séu í lagi.

DÝRAR FRAMKVÆMDIR

„Það er verið að framleiða strenginn og við erum að ljúka við botnrannsóknirnar,“ segir Guðmundur Gunnarsson um nýja strenginn Danice. Hann bendir á að Farice-strengurinn sé ekki fullnýttur, þrátt fyrir að vinna við að leggja nýjan streng sé hafin. „Nei, hann er í raun mjög lítið nýttur. En við höfum þurft á þessari varaleið að halda. Við erum að fara að selja þjónustu til netþjónabúa. Þau gera kröfu um varaleið og mikinn uppítíma. Það er auðvitað ástæðan fyrir þessum nýja streng,“ segir Guðmundur Gunnarsson.

Cantat 3 er kominn til ára sinna og hefur ít-rekað bilað. Stundum hefur hann verið óvirkur dögum, jafnvel vikum saman. Ljóst má því vera að netsamband landsmanna færir óðum í betra horf.

FLEIRI STRENGIR?

„Ef bjartsýnustu áætlanir um netþjónabú og fleira ganga eftir, þá þarf að bæta við nýjum streng eftir fimm ár,“ segir Guðmundur Gunnarsson. Hann segir þó óvíst að Farice leggi í þá framkvæmd, fleiri séu um hituna og minnir meðal annars á áform um sæstreng Hibernia Atlantic. Hugmyndir hafa verið um að leggja streng hingað frá Írlandi. Guðmundur segist ekki óttast þá samkeppni. „Þegar Danice er kominn, þá verður það svo sem engin endanleg lausn. Því eins og ég sagði, þá verður þörf á þriðja strengnum. Það

verður í rauninni bara hið ágætasta mál ef þeir leggja hingað streng.“ En þær áætlanir virðast þó vera farnar í salt um sinn.

„Við förum bara eftir samkeppnislandslaginu og hvernig gengur að fá netþjónabúin til landsins og hvaða tengingar þau kalla á,“ segir Bjarni Þorvarðarson, forstjóri Hibernia Atlantic. En búið var að boða að strengurinn yrði tekinn í notkun í haust.

„Við vorum í viðræðum við ríkið en svo ákvað það að taka aðra stefnu í haust. Það er afar lítið spennandi að fara í samkeppni við ríkið í þessum efnum eins og er. Við höldum bara áfram okkar vinnu,“ segir Bjarni og bætir því við að nú sé leitað að heppilegum landtökustað fyrir Hibernia-strenginn, en botnrannsóknir milli landanna séu ekki hafnar enn. Bjarni bætir því við að líklegur landtökustaður verði á Reykjanesi, þegar þar að kemur.

STÓRVIÐSKIPTI FRAM UNÐAN

„Við höfum þegar tryggt okkur stórvíðskipti. Það er fyrsta netþjónabúin sem er að hefja hér starfsemi,“ segir Guðmundur Gunnarsson. Þar er um að ræða netþjónabú, eða gagnaver, Verne Holding sem verður á gamla varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Það er að hluta í eigu Novator, félags Björgólfs Thors Björgólfsónar.

Haft hefur verið eftir Vilhjálmí Þorsteinsyni, stjórnarformanni Verne Holding, að

STIKLUR Í ST

1906

Sæsímastrengur fyrir ritsíma lagður frá Skotlandi um Færeyjar til Íslands og kom hann á land á Seyðisfirði.

1907

Einar Benediktsson og Vilhjálmur Finsen spjalla saman, hvor á sínu skipi, með nýjstu loftskeytatækni síns tíma.

1918


Loftskeytastöðin tekur til starfa á Melunum í Reykjavík. Upphaflega var loftskeytastöðin hugsuð sem varasamband til útlanda, og viðbót við sæsímann.

1962

Nýr sæsímastrengur, Scotice, lagður milli Skotlands og Íslands og tekinn í notkun. Í tengslum við strenginn var komið upp telex-þjónustu hér á landi.

1963

Icecan-strengurinn, milli Íslands og Kanada, tekinn í notkun.



fimm ár

Þjúm streng eftir fimm ár. Forstjóri
líkið við svo búið. Ingimar Karl

starfsmenn þar verði á annað hundrað og
búið geti orðið meðal þeirra tuttugu stærstu

NAGDÝRAFÓÐUR?

Rottugangur í óbyggðum Norður-Skotlands hefur orðið
til þess að netsamband Íslendinga við umheiminn
hefur rofnað. Farice-sæstrengurinn liggur frá landinu
um Færeyjar og kemur á land í Castletown í Norður-
Skotlandi. Þaðan liggur ljósleiðari til Edinborgar. Flestar
bilanirnar hafa orðið við framkvæmdir við járnbrautar-
brú en einu sinni var sambandslaust um þá leið í þrjá
sólárhringa vegna bilunar þar.

Þá hefur sambandið líka rofnað vegna rottugangs.
Hluti ljósleiðarans liggur um afskekkt hérað. Þar komust
rottur að strengnum og nöguðu sig í gegnum ljósleið-
arann. Síðan var leiðarinn brynvarinn til að hlífa honum
við meindýrum.

Guðmundur
Gunnarsson, fram-
kvæmdastjóri Farice,
segir að frá því að
strengurinn var tvö-
faldaður frá land-
tökustað í Skotlandi,
hafi Ísland ekki orðið
sambandslaust.



ORSÖK SAMBANDSSLITA Dæmi eru um að rottur hafi
orðið til þess að Ísland varð sambandslaust við umheim-
inn, þegar þær nöguðu sig í gegnum ljósleiðarastreng í
Skotlandi. Hann var brynvarinn vegna þessa.

NÚVERANDI OG VÆNTANLEGIR FJARSKIPTA- STRENGIR

í heiminum. Hugmyndin er að það taki til
starfa um næstu áramót.

Einnig hafa aðilar frá netrisanum Yahoo
komið hingað til lands til að kynna sér mögu-
leikana. Þá hafa enn fleiri erlendir aðilar leit-
að hófanna hér um starfsemi. Þórður Hilm-
arsson, framkvæmdastjóri Fjárfestingastofu
Íslands, staðfestir það, en vill ekki gefa upp
hverjir hafi sýnt því áhuga.

„Áhuginn á þessu er alveg gríðarlegur úti
í heimi. Ég er ekki í nokkrum vafa um það
að það eiga eftir að koma hingað fleiri net-
þjónabú. Viðræður eru hafnar en það er ekk-
ert naglfast. En við erum að ræða við fleiri
en einn aðila. Það er hins vegar óvíst hvenær
því lýkur, við höfum okkar áætlanir um
það. Fyrsta netþjónabúið er að fara í rekst-
ur eftir ár. Við erum nú nokkuð bjartsýnir á
að næsta bú geti hafið starfsemi hér innan
tveggja ára,“ segir Guðmundur Gunnarsson
hjá Farice.

Hann segir að Grænlandsumferðin verði
flutt til Evrópu, samið hafi verið um það. En
það sé ekki teljandi umferð, enda séu Græn-
lendingar fáir.

BÆTT STAÐA HÁSKÓLANNA

Rannsókn- og háskólanetið (RHnet) hefur
verið á Cantat. Guðmundur Gunnarsson segir
flest benda til þess að RHnetið verði komið
á Farice innan skamms. „Þá fá þeir verulega
svera pípu til útlanda. Það hefur kannski stað-
ið þeim eitthvað fyrir þrifum, að geta tekið
þátt í rannsóknarstörfum og slíku. Það er
sjálfsagt að nýta leiðirnar. Það er nóg pláss
hjá okkur ennþá.“

Fram hefur komið í fjölmiðlum að kostnað-
ur Rannsókn- og háskólanets Íslands af net-
tengingum myndi sexfaldaströu samböndin
færð yfir á Farice-strenginn.

Í bréfi sem Maríus Ólafsson, netstjóri
RHnets, sendi frá sér fyrir nokkrum mán-
uðum kemur fram að heildarvelta RHnets sé
38 milljónir króna á ári. Yrðu tengingarnar
færðar yfir á Farice myndi kostnaður við net-
tengingar einar og sér nema hátt í 180 miljón-
um króna.

Jón Ingi Einarsson, framkvæmdastjóri
RHnets, vill lítið tjá sig um þetta en segir að
nú virðist vilji stjórnvalda til þess að greiða
leið RHnetsins vera ríkari en áður.

LANGTÍMAFJÁRFESTINGAR

„Fjárfestingin er milli sex og sjö milljarð-
ar króna og það eru eigendur Farice sem
borga, en svo verður það líka lánsfé,“ segir
Guðmundur um nýja strenginn.

Bjarni Þorvarðarson, forstjóri Hibernia
Atlantic, gerir ráð fyrir að sæstrengur frá Ír-
landi og hingað til lands kosti um 50 milljón-
ir Bandaríkjadala, þegar hann verður lagður.
Það nemur um 3,4 milljörðum króna.

Á sínum tíma kostaði Farice 1 þrjá og hálf-
an til fjóra milljarða króna. „Hann hefur að-
eins verið greiddur með almennri umferð.
Við erum fá hér, svo notkunin hefur ekki
verið mikil,“ segir Guðmundur Gunnarsson
hjá Farice.

„Fjárfestingin í Danice hefur þau áhrif í
fyrsta lagi að við erum að fara að selja þess-
um netþjónabúum umferð. Það hefur þau
áhrif til lengri tíma að almenn umferð verður
óþýrari. Umferð fyrir okkur almenning
kostar minna eða almennir notendur fá meira
gagnamagn fyrir sama verð. Ég legg áherslu
á að það er ekki hægt að líta á þetta sem
verkefni sem eigi að borga sig upp á tveimur
til þremur árum, þetta er langtímafjárfest-
ing. Þetta er eins og hver annar þjóðvegur.
Þetta er þjóðvegur fyrir þessa umferð til út-
landa. Ef hann er ekki í lagi þá er þjóðfélagið
bara á hliðinni,“ segir Guðmundur.

MIKLIR HAGSMUNIR

Áður en ákveðið var að ráðast í lagningu
Danice-strengsins komst ráðgjafarfyrirtækið
ParX að því að þjóðhagslegt tap af ótryggum

netsamböndum Íslands við umheiminn gæti
numið hátt í 30 milljörðum króna á örfá-
um árum. Því yrði að ráðast í nýjan streng.

Líklega væru ekki nema
um átta ár eftir af líftíma
Cantat-strengsins. Eftir
það yrði fátt um varasam-
bönd ef Farice bilaði.

Skýrsluhöfundar sögðu
að öryggi fjarskiptaum-
ferðar á netinu til og frá
landinu væri ekki nóg. Til
að menn gætu treyst sam-
böndum mætti sambands-
rof ekki vara lengur en
fimm mínútur á ári. Svo
er ekki nú, og sögðu þeir
mörg tækifæri glatast sem
sækja mætti með örugg-
ari tengingum. Þar mætti
nefna fjármálaþjónustu,
heilbrigðisþjónustu og líf-
tækni, fjarskiptaþjónustu,
framleiðslu og viðskipta-
kerfi, umsýslu rafrænna
viðskiptakerfa, rekstur
gagnabanka og ýmislegt
fleira.

HVERJIR HAGNAST?

Ljóst er að þjóðarþúið allt
hagnast af því að fjarskiptasambönd Íslands við
umheiminn séu trygg. Þá
hefur ítrekað verið bent
á að rekstur ýmiss konar
netþjónabúa yrði góð við-
bót við aðra atvinnustarf-
semi hérlandis. Fjöldi
nýrra starfa gæti orðið
til. Ýmis fjölþjóðleg fyr-
irtæki hafa sýnt því áhuga
á að koma hingað með sína
starfsemi auk þess sem
Markaðnum er kunnugt
um nokkra innlenda aðila
sem hyggjast róa á svip-
uð mið.

En hvers vegna skyldu
netþjónabúin vilja koma
hingað? Ekki síst í ljósi
þess að sambönd hér hafa
reynst ótrygg undanfarin
ár.

Jón Ingi Einarsson hjá RHneti hefur bent
á að til þess að fullnægja ítrustu kröfum net-
þjónabúa þurfi að liggja héðan tveir strengir
til vesturs og aðrir tveir til austurs.

Guðmundur Gunnarsson, hjá Farice, full-
yrðir hins vegar að með Danice verði nægt
fjarskiptaöryggi fyrir net-
þjónabúin.

Einnig hefur verið bent á að
hér geti þessi fyrirtæki feng-
ið aðgang að óþýrri raforku. Á
heitari stöðum heimsins fari
mikill hluti þeirrar orku sem
netþjónabú nota til kælingar.
Sá kostnaður yrði umtalsvert
minni hér.

Netþjónabú nota töluvert af
raforku, þó lítið í samanburði
við álver, en fram hefur komið
að orkufyrirtækin vilji gjarn-
an beina viðskiptum sínum
í þessa átt; auglýsa „græna
orku“ fyrir þessa starfsemi.

Þá sé hátt menntastig hér á
landi og erlend fyrirtæki gætu fundið hæft
starfsfólk hér. Á móti hafa viðmælendur
Markaðarins bent á að þótt tölvurnar sjálf-
ar yrðu geymdar hér á landi gætu erlend
fyrirtæki stýrt þeim að utan. Ekki sé því
gefið að tugir eða hundruð háskólamenntaðs
fólks starfi við öll netþjónabú. Í sumum til-
vikum þyrfti ef til vill einungis starfsfólk til
að tryggja að kveikt væri á tölvunum.

EIGENDUR STRENGJA

Farice 1 er í sameiginlegri eigu íslenskra og
færeyskra aðila. Færeyingar eiga fimmtung,
en Íslendingar rest. Þrjú íslensk orkufyrirtæki,
Orkuveita Reykjavíkur, Landsvirkjun og Hitaveita
Suðurnesja, eiga nú sameiginlega stærstan hlut
í félaginu, en gengið var frá því fyrir júl.

Farice hefur ákveðið að leggja nýjan sæstreng,
Danice, héðan og til Danmerkur. Hvert orkufyrir-
tæki um sig samdi um þátttöku í verkefninu fyrir
áramót, og mun hvert fyrir sig ætla að leggja 500
milljóna króna hlutafé til verksins. Aðrir eigend-
ur eru Síminn, Vodafone og íslenska ríkið.

Canat 3, sæstrengurinn sem einn þjónaði
Íslandi í tíu ár, er nú í meirihlutaeigu indverska
landssímans, en hann var áður að mestu í eigu
kanadíska fyrirtækisins TeleGlobe. Einnig eiga
fleiri fyrirtæki, þar á meðal Vodafone, hlut í
strengnum.

Þá stendur Tele Grönland nú í því að leggja
streng frá Nýfundnalandi til Grænlands. Sá
strengur verður svo lagður áfram hingað til
lands, svo Grænlandingar komist einnig í sam-
band Evrópumegin.

Fyrirtæki Kenneth Peterson, Hibernia Atlantic,
hefur einnig áformað að leggja hingað streng.
Þær fyrirætlanir eru í undirbúningi en óvíst er
hvenær sá strengur verður lagður.

HLUTHAFAR Í FARICE:

80% Hitaveita Suðurnesja hf.

Landsvirkjun
Orkuveita Reykjavíkur
Íslenska ríkið
Skipti hf.
Vodafone

20% Færeyski landsíminn
Kall p/f (FO)



**BJARNI ÞOR-
VARÐARSON**
Við förum eftir
samkeppnis-
landslaginu og
hvernig gengur
að fá netþjóna-
búin til landsins
og hvaða teng-
ingar þau kalla á.

RENGJASÖGU

1980

Jarðstöðin Skyggir kemur til sög-
unnar og fóru þá samtöl til útlanda
um gervihnött. Þá var fyrst hægt að
hringja beint til annarra landa.

1994

Nýr sæstrengur, Cantat-3, tekinn
í notkun. Hann liggur þvert yfir
Atlantshafið, frá Evrópu til Ameríku,
en grein frá honum tengist Íslandi. Um
hann fer mikill gagnaflutningur, en
hann heyrir brátt sögunni til.

2004

Farice 1 tekinn í notkun. Hann jók
til muna gagnaflutninga til og frá
landinu.

2009

Stefnt er að því að Danice verði
tekinn í notkun. Með því eykst bæði
fjarskiptaöryggi auk þess sem flutn-
ingsgeta eykst til muna. Sumir segja
að þessi nýi strengur sé forsenda fyrir
því að hingað komi netþjónabú.

FRAMTÍÐIN

Í náinni framtíð verður einnig tengdur
við landið strengur Grænlandinga auk
þess sem strengur Hibernia Atlantic
verður hugsanlega lagður hingað frá
Írlandi.

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkid...

Hollt er að hlusta á og taka mark á umkvörtunum.

Bæta þarf baklandið

Óli Kristján Ármannsson

Í spánnýrri bók sem Margrét Reynisdóttir skrifar og heitir „Þjónusta: Fjöregg viðskiptalífsins“ kemur fram hversu miklu máli skiptir fyrir fyrirtæki að huga að og taka mark á athugasemdum og umkvörtunum viðskiptavina þeirra. Ábendingarnar eru sagðar geta verið uppspretta framfara og sóknar.

Væntanlega eru þetta hollráð hverjum þeim sem veitir þjónustu og á það væntanlega bæði við fyrirtæki sem og hið opinbera. Stjórnmalámennt eru þjónar almennings, en þeim hættir stundum við að loka bæði augum og eyrum þegar kemur að ákveðnum málefnum. Sú tilhneiging gæti þó átt eftir að koma þeim í koll þegar langþeyttir „viðskiptavinir“ leita annað.

Á viðskiptaþingi Viðskiptaráðs Íslands í dag er krónan í brennidepli, en æ fleiri virðast þeirrar skoðunar að krónan sé hér fremur til trafala en hægðarauka. Þannig upplýsir ráðið í dag um niðurstöður könnunar sem gerð var meðal félagsmanna þar sem í ljós kemur að tveir af hverjum þremur stjórnendum fyrirtækja vilja kasta krónunni fyrir annan gjaldmiðil. Væntanlega eru þetta raddir sem mark er takandi á.

Í markaðsóróa og fjármálakrísu þeirri sem nú ríður yfir heiminn kemur nefnilega í ljós hvar skórin kreppir í umræðu um íslenskt efnahagslíf. Smæð hagkerfisins og ógakendrar sveiflur, þar sem krónan leikur jú stórt hlutverk, virka framandi í augum erlendra greinenda og augljós vantrú þeirra á efnahagslífi hér, sem svo smitar yfir á þau fyrirtæki sem hér starfa.

Um leið þurfa fjármálafyrirtæki að hafa hugfast að við núverandi markaðsáhrif og starfsumhverfi er þeim hollara að fara fram með gætni og ákveðinni auðmýkt. Þannig getur ekki verið til að auka traust á fjármálafyrirtækjum ef þau berja sér á brjóst fyrir „ásætlanlegan árangur“ í erfðu áhrifum, en jafna þar út öllu árinu í stað þess að viðurkenna hvernig gengið hefur frá upphafi kreppunnar síðasta hálfu árið.

Moody's ætlar fyrir mánaðamót að kynna niðurstöðu eigin endurmats á stöðu bankanna vegna hugsanlegrar niðurfærslu á lánshæfismati þeirra. Væntingar voru um að þetta gengi hratt fyrir sig, en virðist nú sem fyrirtækið ætli að leggja vandlega yfir stöðumatið. Í bankakerfinu telja menn jákvætt að fyrirtækið skoði aðstæður vandlega, enda telja bankarnir sig ágætlega setta. Þeir eru ágætlega fjármagnaðir út árið og standast vel jafnt regluleg sem óregluleg álagspróf Fjármálaeftirlitsins. Útlit er fyrir að lækki Moody's lánshæfiseinkunn bankanna ferðist þeir í heilan hring frá því að vera í febrúar í fyrra upp færðir í hæstu einkunn Aaa, lækkaðir í apríl í Aa3 og kunna núna að enda á sama stað og lagt var upp í einföldu A-i. Vandí íslensku bankanna felst hins vegar í skorti á trúverðugleika út á við. Í fjármálaóróleika dagsins virðist alveg sama hversu mikla áherslu bankarnir leggja á að kynna fjármögnun sína fram í tímann og arðsemi undirliggjandi rekstrar, þeir búa áfram við himinhátt viðbótarálag á skuldabréfaútgáfu, sem þegar er tekið að hamla þeim og hefur hægt á vexti þeirra. Skuldabreytingarálag bankanna sýnir að þeir njóta ekki þess trausts sem þeir ættu. Spurningin sem vaknar er hvar vandinn liggur.

Í nýlegri umfjöllun Moody's er bent á að bankarnir hér séu orðnir af þeirri stærð að baklandið kunni að vera ónógt. Það eitt og sér hlýtur að vera stjórnmalámennt umhugsunarefni, vilji þeir á annað borð að hér eigi stórfyrirtækjum á heimsvísu að vera líft. Viðfangsefni dagsins ætti að vera að tryggja þessum fyrirtækjunum baklandið og starfsumhverfið sem þau þurfa á að halda.

bjorgvin@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | ingimar@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markadurinn.is | olirik@markadurinn.is | sindri@markadurinn.is

Rekstrarverkfræðistofan
Annar hf
Suðurlandsbr. 46 • Sími 568 1020 • Annar.is

Ársreikningar
Bókhald
Skattframtöl

RAFVIRKJAR

Traustur rafverktaki í mikilli sókn óskar eftir rafvirkjum til starfa.

Allar nánari upplýsingar gefur Kristbjörn í síma 771 1501. Einnig er tekið á móti umsóknum á rar@rar.is

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

ALMENNAR RAFLAGNIR
SÍMA- OG TÖLVULAGNIR
VIÐHALD

rar@rar.is · www.rar.is

Er krónan byrði eða blóraböggull?

ORÐ Í BELG

Finnur Oddsson
framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands



Það er ekki langt síðan umræða um fyrirkomulag gjaldeyris- og peningamála var á höndum örfárra hagfræðinga, embættismanna og stjórnmalámennt. Nú er hinsvegar svo komið að fáir fara varhluta af þessari umræðu og íslenska krónan er orðin að hitamáli í íslensku samfélagi. Efasemdir um gildi krónunnar fyrir fyrirtæki og almenning í landinu er víða að finna í fréttalutningi og almennt umræðu.

Slík umræða verður ekki til að ástæðulausu. Síðustu misseri hafa Íslendingar þurft að búa við viðvarandi verðbólgu, hátt vaxtastig og raungengi og ófyrirsjáanleg gengissveiflur. Allt eru þetta þættir sem yta undir vantrú á gjaldmiðli okkar. Þetta gerist á sama tíma og alþjóðavæðing íslensks hagkerfis hefur aukið mikilvægi fyrirkomulags peningamála til muna. Segja má að íslenska krónan sé örmynt á alþjóðlegan mælikvarða og umsvif fyrirtækja á erlendri grundu hafa leitt til þess að fyrir mörg fyrirtæki hefur hún reynst fjötur um fót.

KÖNNUN KYNNT

Viðskiptaþing er ávallt helgað brýnustu hagsmunamálum viðskiptalífsins og í ár var því valin yfirskriftin Íslenska krónan: Byrði eða blóraböggull? Á þinginu verður spurningunni svarað með því að leita álits innlendra og erlendra sérfræðinga og fulltrúa viðskiptalífsins, félaga í Viðskiptaráði. Einnig verður í til efni ráðsins gefin út skýrsla Viðskiptaráðs þar sem reifaðir eru þeir möguleikar sem Ísland stendur frammi fyrir í gjaldeyris- málum.

Við undirbúning þingsins leit að Viðskiptaráð álits um 300 forsvarsmanna aðildarfélaganna á gjaldeyris- og peningamálum. Þetta var gert með stuttari könnun, en niðurstöður hennar verða kynntar á Viðskiptaþingi. Ljóst

er af niðurstöðum könnunarinnar að íslensk fyrirtæki geta illa unað við óbreytt ástand. Meirihluti forsvarsmanna aðildarfélaganna Viðskiptaráðs er ósáttur við fyrirkomulag peningamála og um 63% þeirra telja að hér eigi að taka upp annan lögeyri en krónuna. Niðurstöðurnar sýna svart á hvítu fram á nauðsyn þess að hér verði komið á opinni umræðu um hver vandamálin við núverandi peningastefnu eru og hvaða kostir eru í stöðunni.

ER ANNAR GJALDMÍÐILL BETRI?

Ljóst er að hluta þess vanda sem nú er glímt við má rekja til mistaka í fjármálastjórn á undanförunum árum. Þar hafa umfangsmiklar stóriðjuframkvæmdir og aukin útgjöld hins opinbera, ásamt öðru, leitt af sér þau einenni þenslu sem nefnd voru hér að ofan. Hvort sem stendur til að halda krónunni eða skipta henni út fyrir aðra mynt, er ljóst að koma þarf á efnahagslegu jafnvægi á ný. Í skýrslu Viðskiptaþings eru reifaðar fjölmargar aðgerðir sem ættu að stuðla að jafnvægi og skilvirkari framkvæmd peningastefnu Seðlabanka Íslands. Um leið myndu þær bæta rekstrarumhverfi alþjóðlegra fyrirtækja, hvort sem það væri í sambúð við íslensku krónuna eða annan gjaldmiðil.

Efasemdir um hagnýtt gildi sjálfstæðis í peningamálum kalla á spurningar um hvort aðrir gjaldmiðlar en krónan gætu hent að Íslandi betur. Í ljósi eðlis og umfangs utanríkisviðskipta Íslendinga liggur því beint við að

huga að upptöku evru hér á landi. Þar hafa einkum tvær leiðir verið nefndar til sögunnar, þ.e. einhliða upptaka evru eða upptaka í kjölfar aðildar að ESB og myntbandalaginu. Þriðja leiðin hefur einnig verið nefnd, sem er tvíhliða upptaka evru sem fæli í sér aðgang að myntbandalaginu og samstarf við Seðlabanka Evrópu, án aðildar að Evrópusambandinu. Á Viðskiptaþingi 2008 verður varpað betra ljósi á kosti og galla þessara leiða og hvort þær eru yfirleitt færar.

ÓFORMLEG EVRUVÆÐING

Hvert sem markmiðið verður er skýr stefnumörkun alltaf skynsamlegur kostur. Undanfarin ár hafa ekki eingöngu fyrirtæki heldur einnig einstaklingar fært sig á ýmsan máta frá notkun íslensku krónunnar. Erlend lántaka heimilanna hefur t.a.m. vaxið hratt sem er óæskileg þróun með tilliti til fjármálastöðugleika hagkerfisins. Ein leið sem nefnd hefur verið til að vege á móti þeirri hættu eru launagreiðslur í erlendri mynt. Með því væri ljóst að næsta skref til óformlegrar evruvæðingar, án þeirrar þátttöku stjórnvalda, hefði verið tekið. Til að koma í veg fyrir frekari þróun í átt að óformlegri evruvæðingu er nauðsynlegt að byggja upp trúverðugleika og notagildi íslensku krónunnar.

Hvort sem stjórnvöld hafa hug á að halda sjálfstæðum gjaldmiðli til frambúðar eða ekki, er stöðugleiki grundvallarforsenda þess að rekstrarumhverfi fyrirtækja og efnahagsleg skilyrði einstaklinga verði eins og best verður á kosíð. Sitji stjórnvöld með hendur í kjöltu er hætt við því að næstu skref til óformlegrar evruvæðingar verði tekin. Þar með væri tækifæri stjórnvalda til að stýra atburðarásinni glatað og þau gætu neyðst til að fylgja þróuninni eftir í stað þess að leiða hana.



Á VIÐSKIPTAÞINGI Í FYRRA Í dag er haldinn einn af árvissum stórvörðum viðskiptalífsins þegar Viðskiptaráð heldur viðskiptaþing sitt. Hér að ofan má sjá Geir H. Haarde forsætisráðherra flytja opnunarávarp, en þá var áhersla þingsins á mynd landsins og sérfræðingur í þeim málum að nafni Simon Anholt fenginn til að fjalla um hana. Núna er framtíðarskipan gjaldeyris mála í brennidepli. MARKAÐURINN/GVA

ORÐSKÝRINGIN

Skortsala

Skortsala kallast það þegar fjárfestir fær lánuð hlutabréf og selur en skuldbindur sig á sama tíma til að kaupa þau aftur og skila þeim að ákveðnum tíma liðnum til þess sem upphaflega lánaði honum þau. Með þessu móti hefur fjárfestir haf af því að verð hlutabréfa lækki sem mest enda er hann að veðja gegn góðu gengi þeirra. Gangi áætlanir fjárfestisins eftir hirðir hann

mismuninn en tapar peningum ef þau hækka.

Ungverski fjárfestirinn George Soros er einna þekktastur fyrir að skortselja breska pundíð árið 1992 og hagnast um einn milljarð Bandaríkjadala á einum degi. Gengisfelling pundsins lá í loftinu og veðjaði Soros tíu milljörðum dala á að það myndi ræstast. Það gekk eftir eins og frægt er orðið. Skortsala þykir áhættusamur gjörningur enda hefði Soros getað tapað háum fjárhæð-



GEORGE SOROS

um hefði breski seðlabankinn komið sér hjá gengisfellingunni.

SAGAN Á BAK VIÐ ... BAKKABRÆÐUR

Sprotafyrirtæki á stjórnuhimni

Breskir og írskir fjölmiðlar birtu óstaðfestan orðróm um það um síðustu helgi að þeir Ágúst og Lýður Guðmundssynir hefðu keypt átta prósent hlut í írsku matvælaframleiðandanum Greencore, einu stærsta samlokufyrirtæki í heimi. Þeir bræður hafa verið talsvert í fréttum síðustu vikunnar eftir að fyrirtæki þeim tengd tóku að falla hratt í lausafjárkrísunni.

Þeir Ágúst og Lýður stofnuðu Bakkavör, sem þeir eru gjarnan nefndir eftir, árið 1986 og fagnar fyrirtækið því 22 ára afmæli á þessu ári. Fyrirtækið hefur margoft ratað sem dæmi um sprotafyrirtæki sem hafi, þegar vel er haldið á spöðunum, skotist upp á stjórnuhimininn. Líkt og gengur með flest sprotafyrirtæki var gangur Bakkavarar hægur fyrstu árin og er sú saga þekkt að konur þeirra hafi verið fyrirvinnur í báðum tilfellum til að byrja með.

Bakkavör í dag er talsvert breytt frá því sem áður var og tengist ekki Íslandi beint nema að litlu leyti. Til marks um það voru starfsmenn undir hundræðinu fyrir tíu árum og þrefalt fleiri tveimur árum síðar. Í dag eru rúmlega tuttugu þúsund starfsmenn á launaskrá Bakkavarar, nær allir utan landsteina.

Þegar Bakkavör sleit naflastrenginn við árstíðabundinn sjávarútveg árið 2003 voru undir því tvö dótturfélög í Bretlandi; Katsouris Fresh Foods og

Bakkavör Birmingham. Tveimur árum síðar gerði það yfirtökuþilboð í breska framleiðslufyrirtækið Geest. Bakkavör tók lán fyrir kaupunum, sjötíu milljarða króna, sem þá var stærsta fyrirtækjalán Íslandssögunnar. Þegar kaupum lauk var fyrirtækið orðið umsvifamesti framleiðandi tilbúinna matvæla í Bretlandi. Fjórtán þúsund starfsmenn bættust við launaskrána.

Þá er ekki nema hluti upptalinn því þeir Lýður og Ágúst eiga í gegnum félag sitt, Bakkabraedur Holding, helmingshlut

í Existu sem á VÍS og tæp 44 prósent í Skiptum, móðurfélagi Símans. Félagið er sömuleiðis stærsti hluthafinn í Kaupþingi og svefnrannsóknarfyrirtækinu Flögu auk þess að eiga í kringum níu prósent hlut í norska fjármálafyrirtækinu Storebrand og tæp tuttugu prósent í finnska tryggingafyrirtækinu Sampo. Vart þarf að taka fram að Exista er sömuleiðis stærsti hluthafinn í Bakkavör.

Bræðurnir hafa um nokkurra ára skeið búið í Lundúnum í Bretlandi. Bláamaður Daily



Telegraph sagði fyrir nokkru þá bræður jarðbundna með eindæmum, aðeins kælir fullur af Bollinger-kampavíni í fundarherbergi Existu þar í borg bæri

vott um glamúr og ríkidæmi. „Við ólumst upp á verksmiðjagólfinu og fórum aldrei í MBAnám,“ sagði Lýður í viðtali við blaðið.

SPÁKAUPMAÐURINN

Úr

Ég elska núið. Mér líður bókstaflega yndislega í óróleika á íslenskum og útlenskum fjármálamörkuðum enda stend ég föstum fótum á seglbrettinu í brimi ólgusjósins.

Skáldlegur sem maður er orðinn eftir að sitja mest heima við og lesa í bókum Hannesar Péturssonar, Sjóns og Gyrðis Eliassonar, svo ég nefni aðeins örfá skáld. Sárafá. Er búinn að taka svo margar ljóðabækur að láni á bókasafninu upp á síðkastið að ég hef ekki tölu á þeim.

En veit hvað klukkan slær enda hef ég dúllað mér við það – auk þess að sitja í rólegheitum innandyra með viskíglas og vindil yfir ljóðalestri á meðan kuldaþoli nartar í kinnar almúgans utandyra og hlutabréfin tikka inn – að safna úrum. Ekki þannig að ég fari mikið á fornsöluvarn. Fjarri því.

Raunin er sú að ég hef keypt úr af gömlum félögum. Vinum á förnnum vegi sem hafa komið harkalega inn í vefurinn með girunina upp á háls og allt niðurum sig. En þessi fínu úr, sem þeir hafa þurft að losa sig við í skiptum fyrir kass, beinharða peninga – reiðufé sem dugur í vondum veðrum. Rolex, Cartier, jafnvel Bulgari segja mér nú hvað tímanum líður þegar ég set bókamerki á milli skáldlegra skrifta og helli aftur í glasið. Skál.

Spákaupmaðurinn á horninu



Besti afþreyingarvefurinn 2007

Samtök vefiðnaðarins völdu visir.is besta afþreyingarvefinn fyrir árið 2007.

Úr umsögn dómnefndar: „Vefurinn sem hlýtur verðlaunin Afþreyingarvefur ársins 2007 er í senn fræðandi, áhugaverður, yfirgrípsmikill og vinsæll en hefur um leið mikið afþreyingargildi. Vefurinn inniheldur allt sem góður afþreyingarvefur þarf að hafa, vel unninn texta, gott myndmál, útlit og sjónvarpsfni, sem og síaukna aðkomu notenda, sem er eitt af því sem skiptir sífellt meira máli hjá framsæknum vefjum í dag. Vefurinn verður að teljast inni í daglegum rúnti íslenskra netverja enda einn af fjölsóttustu vefjum landsins.“

visir.is
...ég sá það á visir.is



UPPLÝSINGATÆKNIÐNAÐUR

Skilaboðaðþjónn framtíðar kynntur

„Talmálið er framtíðin,“ segir Eric Figueras, spænskættadur frumkvöðull, sem með þeim Birki Marteinsyni og Arnari Gestssyni hefur komið á fót upplýsingatækni- og farsímafyrirtækinu AmiVox. Þeir hafa þróað og eru með í prófunum búnað í farsíma sem þeir binda vonir við að geti orðið smáskilaboðaðþjónusta framtíðarinnar.

„Fólk losnar við innsláttinn og sendir raddupptök. Það er fljótlegra, þægilegra og persónulegra,“ segir Eric stoltur, en blaðamaður getur vottað um þægindi þjónustunnar sem hann fékk að kynna sér sjálfur. „Svo erum við lausir við vandann sem kenndur hefur verið við fyrsta faxtækið, því með hugbúnaði okkar er hægt að senda skilaboð í síma sem ekki eru með búnaðinn,“ bætir Birki við.

AmiVox-menn kynna nýjan skilaboðaðþjón sinn á alþjóðlegu farsímaráðstefnunni Mobile World Congress, sem hófst á mánudag og lýkur á morgun, í Barcelona á Spáni. Virkni búnaðarins verður helst líkt við blöndu SMS og MSN-skilaboðaðþjónustu netsins, þar sem áherslan er þó



STOLTIR FRUMKVÖÐLAR Eric Figueras og Birki Marteinson, tveir stofnenda AmiVox, hafa unnið að því hörðum höndum að búa til verðugan arftaka sms-skilaboða sem samskiptaleið um farsíma. Á myndina vantar þriðja frumkvöðulinn, en að fyrirtækinu stendur líka Arnar Gestsson.

MARKAÐURINN/ANTON

á talmálið. Þá felur tæknin í sér lægri símakostnað þar sem samskipti notanda eru við efnisveitu innanlands, sem svo sendir skilaboðin áfram yfir netið. „Við teljum að í þessu felist hagnaður fyrir alla, notendur jafnt sem símafyrirtæki, því með þessu kemur inn viðbótarþjónusta,“ segir Birki.

AmiVox fékk nýverið styrk frá Tækniþróunarsjóði og segja forsvarsmenn fyrirtækisins það mikla viðurkenningu á gæðum hugmyndarinnar.

Í umfjöllun sjóðsins er kerfi AmiVox sagt munu valda bylt-

ingu fyrir efnisveitur í að koma efni sínu á framfæri. „Kerfið opnar nýjar dreifileiðir fyrir efni, opnar fyrir sendingar á efni sem ekki hefur verið hægt að senda í farsíma áður, lækkar tækniþröskuld fyrir allar efnisveitur verulega og getur sparað efnisveitum verulegar upphæðir. Kerfið mun auka verulega möguleika fyrir íslenskar efnisveitur á að koma sínu efni á framfæri erlendis, og fyrir íslensk farsímafyrirtæki að keppa á alþjóðamarkaði um ódýra skilaboðalúknungu.“

Í Barcelona segir Eric fyrst og fremst verið að kynna hugmyndina efnisveitum, en í mars verði opnað fyrir almenna notkun á kerfinu, sem enn er í prófunum. Grunnvirgni forritsins verður ókeypis, en svo geta notendur skráð sig fyrir fyrirframgreiddri viðbótarþjónustu kjósi þeir það. Þá geta þeir sem nota búnað AmiVox sent félögum sínum hlekk í niðurhal á búnaðinum í eigin síma. Ekki er því loku fyrir það skotið að vöxtur verði nokkuð hraður hjá AmiVox nái skilaboðaðþjónusta þeirra að slá í gegn. - óká

LANDBÚNAÐUR



ÚR GRÍMSSTAÐARÉTT Þurrkar síðasta sumar virðast vera meginskýringin á því að lömbin norðan heiða eru léttari en oft áður.

Lömbin ívið léttari

„Á einstaka stöðum eru þau ívið léttari en í hittifyrri,“ segir Jón Viðar Jónmundsson, ráðunautur í sauðfjarrækt hjá Bændasamtökunum.

Samkvæmt skýrsluhaldi sauðfjarræktarinnar fyrir árið 2007 er kjötmagn eftir hverja kind minna en árið áður. Breytingarnar eru þó mismunandi eftir landsvæðum, að því er fram kemur á vefsíðu Bændasamtakanna. - íkh

„Á heildina er kannski ekki að sjá mikinn mun milli ára, en til dæmis í Norður-Þingeyjarsýslu er töluverður munur,“ segir Jón Viðar. „Þetta skýrist örugglega af miklum þurrkum í sumar. Við höfum séð þetta áður á þessu svæði.“

Fram kemur á heimasíðu Bændasamtakanna að gæði lambakjötsins séu, þrátt fyrir minni fallþunga, metin meiri en nokkru sinni fyrr. - íkh



SJÁVARÚTVEGUR

Stórfelld fækkun fiskvinnslufólks

Fimm þúsund störf hafa horfið úr fiskvinnslunni undanfarin tíu ár. Konum í fiskvinnslu fækkar meira en körlum. Yfir tíu prósent fiskvinnslufólks hafa misst vinnuna á fiskveiðiarinu.

Ingimar Karl Helgason
skrifar

„Það eru fyrst og fremst tæknibreytingar í vinnslunni sem skýra þetta,“ segir Arnar Sigurmundsson, formaður Samtaka fiskvinnslustöðva.

Samkvæmt tölum Hagstofunnar hefur fiskvinnslufólki fækkað um fimm þúsund frá árinu 1997. Þá voru starfsmenn í fiskvinnslunni tæplega átta þúsund, en eru nú um þrjú þúsund.

FJÖLDI Í FISKVINNSLUNNI		
	2007	1997
Alls	2.900	7.900
Karlar	1.700	3.800
Konur	1.100	4.100
Höfuðborgarsvæðið	400	1.000
Utan höfuðborgarsvæðis	2.500	6.900
Karlar	1.500	3.300
Konur	1.000	3.700

Arnar Sigurmundsson segir að tæknibreytingar og aukin sjálfvirkni nái til allra greina vinnslunnar. „Þetta á við í frystingunni, rækjunni, mjöli og lýsi. Alls staðar hefur fólk fækkað.“

„En það er fleira sem skýrir þessa miklu fækkun fiskvinnslufólks undanfarin tíu til fimmtán ár. Vinnsla á sjó hefur aukist, fyrirtækjum hefur líka fækkað, auk þess sem það hefur aukist að flogið sé með aflann óunninn úr landi.“

Arnar Sigurmundsson bendir líka á að það sem af er fiskveiðiarinu hafi hundruð starfa tapast í landvinnslunni. „Þetta eru hátt í 400 störf sem þegar hafa tapast. Samkvæmt mínum upplýsingum hafa starfað þarna um fjögur þúsund manns, svo þetta er eitthvað um einn af hverjum tíu. Ég nefndi það á síðasta ársfundi samtakanna að hátt í 600 störf kynnu að tapast þegar allt væri komið fram.“

Sé miðað við nýjustu tölur Hagstofunnar um fjölda starfsmanna fiskvinnslunnar má sjá að ríflega þrettán prósent hafa misst vinnuna vegna kvótaniðurskurðarins.

Sumarleyfislokarnir verði væntanlega



FÆKKUN VIÐ FÆRIBANDIÐ Fiskvinnslufólki hefur fækkað gríðarlega á einum áratug. Konum hefur fækkað töluvert meira en körlum.

mun lengri en áður. „Ætli það megi ekki gera ráð fyrir tveggja til þriggja mánaða lokun umfram venjulegar sumarleyfislokarnir. Það þýðir þó ekki að fólk verði sagt upp, þótt fyrirtækin verði lokað lengri hluta úr árinu.“

Fram kemur í tölum Hagstofunnar að fyrir áratug voru konur í nokkrum meirihluta fiskvinnslufólks en nú eru karlar

fleiri. Konum í greininni hefur fækkað um 3.000 á meðan körlum fækkar um ríflega 2.000.

Þá starfar megnið af fiskvinnslufólki utan höfuðborgarsvæðisins, en þar hefur því fækkað um 4.400 á áratug. Ekki liggja fyrir upplýsingar um skiptingu starfa eftir landsvæðum eða uppruna fiskvinnslufólks.



Nýtt tákni um gæði

Kauptu Ford Expedition Nýtt tákni um eitthvað meira en frelsi

Ávinningur er hugtak sem hönnuðir Ford unnu með við endurhönnun Ford Expedition Limited Luxury. Hönnunarmarkmið Ford eða 'Ford Genuine Design' sýnir í verki einlægum vilja Ford til að tryggja þau lífsgæði sem nútíma fólk óskar eftir. Ekta hönnun Ford Expedition merkir að þú færð sterkari og fallegri bíl, betri aksturseginnleika og meira öryggi. Aukna hljóðeinangrun með framrúðutækni Ford (Soundscreen) og nýjum efnum í innréttingu. Þú færð einnig meira rými. Og gæði á betra verði.

Skoðaðu verð og gæði. Ford Expedition Limited Luxury; 8 manna, 5.4i V8, 300 hö, 495 Nm: 6.390.000 kr. Bensín 16,8 l/100 km í blönduðum akstri. CO₂ losun 425 g/km.*

Veldu rými - stærsta lúxusjeppa í heimi.** Stærri og meiri en helsti keppinauturinn frá Japan; Land Cruiser 200. Frelsi fylgir ábyrgð. Gerðu samanburð. Vertu 'genuine'. Komdu í Brimborg. Upplifðu aðrar hreyfingar. Loftþúðafjöðrun. Rafknúinn afturhlera. Bakkmyndavél. Reynsluaktu Expedition.



Öruggur staður til að vera á

AÐALFUNDUR GLITNIS BANKA HF.

Súlnasal Hótel Sögu 20. febrúar kl. 14.

Aðalfundur Glitnis banka hf. árið 2008 verður haldinn á Hótel Sögu, Súlnasal, miðvikudaginn 20. febrúar kl. 14.

DAGSKRÁ

- Skýrsla stjórnar um starfsemi bankans árið 2007.
- Endurskoðaðir reikningar bankans fyrir árið 2007.
- Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á árinu 2007.
- Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins.¹⁾
- Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu bankans.
- Kosning til stjórnar.
- Kosning endurskoðunarfélags.
- Ákvörðun um þóknun til stjórnar fyrir næsta kjörtímabil.
- Tillaga um framlag í Menningarsjóð Glitnis.
- Tillaga um heimild til stjórnar til kaupa á eigin hlutum í Glitni banka hf.
- Önnur mál.

Atkvæðaseðlar og aðgöngumiðar að fundinum verða afhentir hluthöfum eða umboðsmönnum þeirra á fundarstað frá kl. 13–14 á fundardegi. Afhendingu aðgöngumiða og atkvæðaseðla verður hætt kl. 14.

Framboðsfrestur til stjórnar rennur út miðvikudaginn 13. febrúar 2008, kl. 14. Framboðum skal skila skriflega til forstjóra, Kirkjusandi.²⁾

Dagskrá fundarins, endanlegar tillögur, ársreikningur félagsins, skýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðenda liggja frammi hluthöfum til sýnis á Kirkjusandi 2, 5. hæð, viku fyrir aðalfund hið minnsta. Þessi gögn verða einnig aðgengileg á www.glitnir.is.

Stjórn Glitnis banka hf.

1) Gerð er tillaga um að aðalfundur samþykki breytingu á 4. gr. samþykkt félagsins um heimild stjórnar til hækkunar hlutafjár.
2) Samkvæmt 2. mgr. 63. gr. a. í lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, með síðari breytingum, skal í tilkynningu um framboð til stjórnar gefa, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu. Form sem frambjóðendur geta haft til hliðsjónar vegna þessarar upplýsingagjafar liggur frammi hjá ritara forstjóra.

GLITNIR

DAGUR Í LÍFI ...

*Elínar Árnadóttur, sviðsstjóra
skatta- og lögfræðisviðs PriceWaterhouseCoopers*

Vaknað fyrir sjó, farið rólega inn í daginn, hlustað á útvarp, blöðin lesin með kaffinu. Kíkti á yngstu dótturina til að athuga hvort hún væri að rumska, á ekki að mæta fyrr en kl. 10. Aðrir fjölskyldumeðlimir farnir af stað um áttaleytið.

8.49 Brottför úr Mosfellsbæ. Umferðin greið og þægileg fram undir Ártúnshöfðabrúna, þá er stórástopp eins og venjulega á þessum tíma milli 8 og 9. Óvenjulega lengi samt núna. Mæting í Skógarhlíð 9.11.

Byrjað á að heilsa fólkinu, ekki búin að sjá þau í heila viku þar sem ég var í skíðafrí í Selva. Alveg æðislegt að brjóta þannig upp veturinn. En verkefnið bíða, milljón tölvupóstar sem þarf að taka (samt búin að taka mesta kúfinn af með aðstoð blackberrá úti) og fara yfir ýmis mál. Byrja á að senda meil til viðskiptavina á Indlandi, dagurinn að verða búinn hjá þeim.

Ljósmyndarinn mættur um kl. 10. Spennandi að sjá hvernig það kemur út.

Símafundur kl. 11 með London-kollegum. Tók fljótt af svo hægt var að halda áfram með tölvupóstana. Skipulagði stjórnarfund hjá Skattaréttarfélaginu í vikunni, virðist ætla að ganga upp (alltaf erfitt að ná svona uppteknu fólki saman).

Hádegismatur – fiskibollur. Gaspraði um skíðaferðina að sjálfsögðu.

Símafundur kl. 13-14 með global-kollegum í TP teymi. Ræddar ýmsar áætlanir. Mikið í gangi á þeim vettvangi.

Fundur kl. 14 með kollegum, farið yfir mál vegna Oslóráðstefnu sem þeir sóttu í síðustu viku.

Kaffi kl. 15 Áfram gasprað um skíðaferðina, allir dauðöfundsjúkir, maður verður að fara að hætta þessu.

Áfram skattast eitthvað, skipuleggja fundi í vikunni, fólk á leiðinni sem er að fara að vinna við ýmislegt á Íslandi. Nóg í gangi virðist vera og ekkert kreppatal. Það þarf að huga að ýmsu, vsk. skráningu, skráningu starfsmanna ef einhverjir eru, tvísköttunarmálum, hvernig er það, á ekkert að fara að klára þennan samning við Austurríki og fleiri svo sem ...?

16.38 Ekki enn búin að fara yfir alla tölvupósta. Valkvíðinn stendur nú á milli þess að fara á göngu/svigskiði í kvöld eða bíó ... en alla vegna fara að tygja sig heim á leið.

17.06 Pakka tölvunni saman og hunsast heim á leið. Held annaðhvort áfram með póstana í kvöld eða bíó eða skíði en það dregur úr líkum á því eftir því sem dimmir og hvessir.



ELÍN ÁRNADÓTTIR Er nýkomin frá útlöndum þar sem Blackberry-síminn kom að góðum notum. MARKAÐURINN/GVA

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki



Markaðurinn í lok dags

Sindri Sindrason fer yfir viðskipti dagsins alla virka daga kl 16:45 á visir.is.

Fylgstu með Markaðinum í lok dags á visir.is og á Stöð 2 kl. 12.10 og 18.20.





Við stöndum upp úr

Fréttablaðið er með 57% meiri lestur en 24 stundir
og 90% meiri lestur en Morgunblaðið

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins samkvæmt nýjustu könnun Capacent Gallup. Fréttablaðið hefur mikið forskot á samkeppnisaðila sína miðað við meðallestur á tölublað hjá aldurshópnum 18–49 á öllu landinu. Við erum bæði þakklát og stolt og bendum auglýsendum á að notfæra sér þessa vitneskju þegar þeir ákveða hvar auglýsingu þeirra er best borgið.



Allt sem þú þarft...

...alla daga

BANKHÓLFID

Tilviljun?

Fjölmiðla- og afþreyingarsamstæðan 365, sem meðal annars gefur út Fréttablaðið og Markaðinn, skilaði sínu besta uppgjöri í rekstri til þessa í síðustu viku þrátt fyrir rúmlega tveggja milljarða króna niðurfærslu á eignarhlut félagsins í olnbogabarninu, bresku prentsmiðjunni Wyndeham. Greiningardeild Glitnis spáði að tekjur samstæðunnar myndu nema 3.686 milljónum króna á síðasta ári. Raunin varð hins vegar 4.051 milljón króna. Mismunurinn er, ótrúlegt en satt, 365... milljónir króna. Tilviljun?



Meira en bræðrabylta?

Og talandi um tilviljanir. Gengi bréfa í SPRON og Existu hafa löngum fylgst að hvort heldur er í hækkun eða lækun á hlutabréfamarkaði. Nokkur tenging er þar á milli en SPRON heldur um tæpan átta prósentu hlut í Existu með beinum og óbeinum hætti. En tenginguna má finna á fleiri stöðum. Þeir sem mættu á uppgjörsfundum beggja félaga tóku eftir að fundarstjóri var sá sami, afar skemmtilegur og enskumælandi maður. Þá eru uppgjörin sjálf sérkapítuli, en þau eru skuggalega lík. Uppgjör Existu hvítt með gráum tóni en SPRON grátt með hvítum tóni. Hvort helber tilviljun ráði för skal ósagt látið. Taka skal fram að Guðmundur Hauksson, forstjóri SPRON, var auðvitað á báðum uppgjörsfundum enda stjórnarformaður Kistu.

Takk!

Guðmundur Hauksson, forstjóri SPRON, var sáttur þegar hann kynnti uppgjör sparissjóðsins fyrir markaðsaðilum á Grand Hótelu árla fimmtudags í síðustu viku. Guðmundur sagði niðursveiflu á fjármálamörkuðum hafa verið sérstaklega slæma, sem hefði sett skarð í afkomu hlutdeildarfélagi. Það vakti svo sem enga sérstaka athygli en að loknum fyrirspurnum sagði Guðmundur: „Ég vil þakka ykkur fyrir að leggja það á ykkur að koma hingað við þessar erfiðu aðstæður og vona að þið hafið fengið svör við þeim spurningum sem hafa hvílt á ykkur.“ Kveðjan gat allt eins átt við dýfuna sem gengi hlutabréfa í



SPRON hefur tekið eftir að sparissjóðurinn var skráður á markað síðasta haust. Svo var þó ekki því úti hafði blindbylur kaffært götur borgarinnar.

35

þúsund pund. Sú upphæð sem breska ríkið gengur í ábyrgð fyrir á innlánsreikningum.

2

ár. Öll hækkun á gengi hlutabréfa í Kauphöll Íslands undanfarin tvö ár er gengin til baka.

273

milljónir. Laun og hlunnindi Guðmundar Þórðarsonar, fyrrverandi framkvæmdastjóra hjá Straumi-Burðarási í fyrra.

Skrifstofuhúsgögn

Beyki

....á miklu betra verði!



Hnota



Hæðarstillanleg skrifborð frá kr. 35.200

Kirsuber



Hlynur



Samstæðan kr. 63.600

Dönsku Prima línunni má raða saman á ótal vegu. Niðsterk og endingargóð húsgögn á mjög góðu verði, til afhendingar strax.

Hirzlan

Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040

www.hirzlan.is

14,5%*

Peningamarkaðssjóður ÍV

*nafnávöxtun frá 1. til 31. Janúar 2008 á ársgrunni

Peningamarkaðssjóður ÍV er fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rými fjárfestingarheimildir skv. lögum um verðbréfasjóði og geta því verið áhattusamari. Frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins er að finna í útböðsýningu og útdrætti úr útböðsýningu sem nálgast má hjá Íslenskum verðbréfum hf. auk upplýsinga á heimasíðu www.iv.is. Peningamarkaðssjóður ÍV er rekinn af Rekstrarfélagi verðbréfasjóða ÍV.



ÍSLENSK VERÐBRÉF
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!